



## Ræða flutt á finnskum tónleikum, 16. maí 1954

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður – Finnland – Tónleikar – Menning - 1954

---

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-5, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Roth er fimmkum hljómtíkum  
i fjárh. 16/5/54. - Birðst í Maí. 18/5/54

Myrkrið og vetraskálum, silt sigi betta sinn  
þott fyrir ófengilegum hringum.

Allir Íslendingar, sem komið hafa til  
Finnlands ljúka upp um það einum munni, að óvíða  
eða hvergi sé betra sök koma fyrir Íslending, því  
að þar sé honum tekið opnum örmum af gestrisni og  
vináttu. Þetta er þeim mun eftirtektarverðara sem  
vegalengdin er drjúg milli Íslands og Finnlands.  
Sýnist það sök vísu staðfesta sannindi hins gamla  
orðtækis, að vík skyldi milli vina, en víst er þó,  
að fjarlægðin ein dugar ekki til að skapa vináttuna.

Þar þarf meira til, og þá fyrst og fremst  
gagnkvæm kynni. Ef þú átt vin göðan, far að finna  
oft. En gagnkvæmar heimsóknir milli svo fjarlægra  
landa sem Finnlands og Íslands eru aðeins á fárra  
féri. Og kynnanna má afla með öðru móti. Við, sem  
aldrei höfum til Finnlands komið, þykjumst þó  
þekkja sitt hvað til finnsku þjóðarinnar og allt er  
það á þann veg, sem vekja hlýtur virðingu og aðdáun.  
Skal eg ekki rekja þá sögu. Hún er öllum kunn.

En fátt hefur borið hróður Finna viðar um  
heim en hljómlistin. Eg er allra manna óhæfastur  
til að lýsa finnskri hljómlist eða afrekum finnskra  
snillinga í þeiri grein og gera grein fyrir, af  
hverju þeir skera þar fram úr. En þó skilst mér, að  
algerum viðvaning í þessum efnunum, að hin miklu örlög  
finnsku þjóðarinnar og stórfengleg saga hennar,  
vötnin, hinar miklu merkur - bjartar sumarnætur,

myrkrið og vetrarkuldinn, allt eigi þetta sinn  
þátt í því, sem þar hefur verið afrekað í hljómlis-  
tinni.

Lítilla sanda,  
lítilla sæva,  
litið er geð guma.

Það er engin tilviljun, að sá núlifandi  
íslendingur, sem mest hefur gert til að vekja  
hljómlistaráhuga og skilning meðal landa sinna,  
Páll Ísólfsson, segir, að hið mikla brimrót við  
æskustöðvar sínar hafi átt mikinn þátt í að vekja  
tónlistargáfu hans. Þannig verkar umhverfi margvís-  
lega til vakningar á mannsálirnar.

Við íslendingar trúum því, að þrátt fyrir  
gerðíka aöstöðu sá margan vég á sér þó eitthvað það  
í sögu beggja þjóðanna og landsháttum, sem veki sér-  
staka samúð þeirra á milli.

En hverjar sem orsakirnar eru, þá er sam-  
úðin greypt í huga okkar allra. Létum okkar göðu  
gesti verða hennar vara og greiðum fyrir því, að  
heimsókn þeirra verði til þess að treysta enn vin-  
áttutengslin milli þjóða okkar.